

**Fundargerð 15. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 9. janúar 2015, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.**

Mætt eru: Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Johan D Jónsson, Jón Þórisson, Laufey Kristjánsdóttir, Ásgeir Eiríksson, Kristín Vala Matthíasdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Púríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes)

#### 1. Breytingar á stjórn

Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa tilnefnt Laufeyju Kristjánsdóttur sem aðalmannt í stjórn í stað Þorsteins Gunnarssonar.

#### 2. Leigumál á Reykjanesi

Eggert sagði frá stöðu málsins. Ferðamálasamtök Suðurnesja sögðu upp leigusamningi um land við Valahnúk í kjölfar fundar með landeigendum 24. nóvember sl. Reykjanesbær mun vinna áfram í málinu.

#### 3. Skipulags- og matslýsing fyrir deiliskipulag við Reykjanesvita

Drög að skipulags- og matslýsingu fyrir deiliskipulag við Reykjanesvita lögð fram. Verkefnastjóra falið að fylgjast áfram með þróun málsins og upplýsa stjórn um gang mála.

#### 4. Gestastofur

Lagt fram minnisblað um gestastofur í jarðvangnum. Stefnt er að opnun gestastofu í Duushúsum 14. mars nk.

#### 5. Staða umsóknar um aðild að GGN/EGN


Eggert sagði frá forsögu og stöðu umsóknar um aðild að Global Geoparks Network og European Geoparks Network. Gert er ráð fyrir því að þeim gögnum sem óskað hefur verið eftir að hálfu samtakanna verði skilað inn í júlí og umsóknin tekin til afgreiðslu í byrjun september.


#### 6. Styrkur frá Vaxtarsamningi Suðurnesja

Reykjanes jarðvangur fékk úthlutuðum styrk að upphæð 3.000.000 kr. frá Vaxtarsamningi Suðurnesja vegna ársins 2015.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:15.

Fundargerð ritaði: ESJ

  
Berglind Kristinsdóttir  
Ásgeir Eiríksson  
Gísli Heiðarsson

  
Kristín Vala Matthíasdóttir  
Laufey Kristjánsdóttir